



# ÍSLENSKA 3B05

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Ásdís Kristinsdóttir  
Guðrún Guðjónsdóttir

**Netfang/netföng:**

[asdis@bhs.is](mailto:asdis@bhs.is)  
[gg@bhs.is](mailto:gg@bhs.is)

**Lýsing:**

Tuttugasta öldin var umbrotatími í sögu íslensku þjóðarinnar og íslenskra bókmennta, tíminn þegar hún sagði skilið við forna lífshætti og nýir tímar tóku við. Bókmenntir og listir aldarinnar bæði spegla og skapa þessa vegferð. Nemendur kynnst bókmenntasögu tuttugustu aldar og ýmsum verkum tímabilsins. Þeir vinna úr textunum í ræðu og riti. Önnur listform verða skoðuð eftir efnum og ástæðum.

**Þekking, leikni, hæfni:**

- nemendur öðlist þekkingu og skilning á nokkrum íslenskum bókmenntaverkum frá 20. og 21. öld, helstu bókmenntastefnum 20. aldar og völdum hugtökum í bókmenntagreiningu.
- nemendur þjálfist í lestri, greiningu og túlkun bókmenntatexta og átti sig á menningarlegu gildi þeirra.
- nemendur temji sér fagleg og árangursrik vinnubrögð, þ.á.m. notkun upplýsinga á vef.
- nemendur eflist í ritun og í skapandi aðferðum við úrvinnslu bókmenntatexta.

Í stuttu máli: að nemendur bæti læsi sitt þ.e. verði færir um að greina, fjalla um og taka afstöðu til bókmennta frá 20. og 21. öld, í ræðu og riti, í lengra og skemmra máli.

**Námsmat:**

Próf úr bókmenntasögu og textum	30%
Ritun – nokkur verkefni yfir önnina	10%
Salka Valka, próf og verkefni	40%
Kláði, verkefni	20%

**Námsgögn:**

Textar og glærur frá kennara, aðgengilegt á Innu  
*Salka Valka* eftir Halldór Kiljan Laxness  
*Kláði* eftir Fríðu Ísberg

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að afla sér upplýsinga um námsefni og verkefni sem unnin eru í tímum sem þeir missa af. Ef nemandi missir af prófi skal hann ræða við kennara um úrlausn í næstu kennslustund sem hann mætir í. Símar skulu einungis notaðir til verkefnavinnu undir stjórn kennara

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga.	
2	9.-13. janúar	Bókmenntasaga – nýrómantík í upphafi 20. aldar – 1930. Textar eftir Einar Ben, Huldu, Davíð Stefánsson o.fl. Ritun.	Ritunarverkefni 1 2%
3	16.-20. janúar	Bókmenntasaga – nýrómantík í upphafi 20. aldar – 1930. Textar eftir Jóhann Sigurjónsson, Jóhann Jónsson, o.fl.	
4	23.-27. janúar	Bókmenntasaga – Félagslegt raunsæi 1930-1950. Textar eftir Jóhannes úr Kötlum, Huldu, o.fl.	Próf 1 úr bókmenntasögu og textum 15%
5	30. jan- 3. febrúar	Halldór Laxness: Byrja að lesa Söлку Vöлку. Fyrstu bók: Ástin, kaflar 1-4, bls. 9-49.	
6	6.-10. febrúar	Salka Valka – Fyrsta bók: Ástin. Kaflar 5-9, bls. 50-91, og heimaverkefni. Skóhlífadagar miðvikudag og fimmtudag. Undirbúnings og úrvinnsludagur á föstudegi (ekki kennsla-nem. vinna heima).	
7	13.-17. febrúar	Vörðuvika I. Nemendur lesa kafla 10-13, bls 92-129 í Söлку Vöлку og vinna heimaverkefni. Farið yfir kafla 5-9 og 10-13 í Söлку Vöлку í kennslustund.	
8	20.-23. febrúar	Salka Valka : Próf úr Fyrstu bók. Önnur bók: Dauðinn, kaflar 14-16, bls. 133-172.  Vorannarhlé fös	Próf úr 1.bók SV 15%  Ritunarverkefni 2 3%
9	28. febrúar- 3. mars	Vorannarhlé mán Salka Valka – Önnur bók: Dauðinn, kaflar 17 – 20, bls. 173- 225.	
10	6.-10. mars	Salka Valka – Önnur bók: Dauðinn, kaflar 21 – 23, bls. 226- 256.	Próf úr 2.bók SV 10%
11	13.-17. mars	Bókmenntasaga – Móðernismi og atómskáld 1950-1970. Textar eftir Stein Steinarr, atómskáldin, Ástu Sigurðardóttur,	Skil á verkefni úr Söлку Vöлку 15%
12	20.-24. mars	Bókmenntasaga –Svava Jakobsdóttir, Jakobína Sigurðardóttir, Thor Vilhjálmsson,	
13	27.-31. mars	Vörðuvika II. Undirbúnings og úrvinnsludagur á þriðjudegi (ekki kennsla). Valdagur. Nýraunsæi 1970 fram til aldamóta. Textar eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Þórarin Eldjárn, Einar Má Guðmundsson ofl.	
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Bókmenntasaga – Nýraunsæi 1970 fram til aldamóta Textar, sjá viku 13.	Próf 2 úr bókmenntasögu og textum 15%
16	17.-21. apríl	Kláði eftir Fríðu Ísberg Sumardagurinn fyrsti (20.4.)	
17	24.-28. apríl	Kláði eftir Fríðu Ísberg	Ritunarverkefni 3 5%
18	1.-5. maí	Kláði eftir Fríðu Ísberg Dagur verkalýðsins 1.maí (ekki kennsla).	
19	8.-12. maí	Kláði eftir Fríðu Ísberg – Kynningarverkefni unnið	
20	15.-19. maí	Kynningar úr sögum eftir Fríðu Ísberg Síðasti kennsludagur er þriðjudagur 15.maí. U/Ú mið. og fös.	Kynningar 20%
21	22. – 26. maí	Varða III þriðjud. 23. maí	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.